

## Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2024

Frétt á vef Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/frettir/oskad-efrir-tilnefningum-til-mannrettindaverdlauna-2024>

Óskað er eftir tilnefningum til mannréttindaverðlauna Reykjavíkurborgar 2024. Tilnefna má einstaklinga, hópa, félagasamtök eða stofnanir sem á eftirtektarverðan hátt hafa staðið vörð um mannréttindi.

Tilnefningar ásamt rökstuðningi skulu berast á netfangið [mannrettindi@reykjavik.is](mailto:mannrettindi@reykjavik.is)

**Frestur til að skila tilnefningum er til 5. maí 2024.**

Handhafi mannréttindaverðlauna Reykjavíkurborgar hlýtur að launum kr. 600.000,-

Verðlaunin verða afhent í Höfða af borgarstjóra Reykjavíkur þann 16. maí á mannréttindadegi Reykjavíkurborgar.

Markmið mannréttindaverðlaunanna er að vekja athygli á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og mikilvægi samfélags þar sem mannréttindi eru virt.

Valnefnd til verðlaunanna er skipuð af mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði Reykjavíkurborgar til eins árs í senn. Hana skipa þrír einstaklingar sem hafa haft aðkomu að jafnréttis- og mannréttindamálum í sínum störfum.

### Áður hafa hlotið mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar:

Alþjóðahús 2008

Rauði Kross Íslands 2009

Blátt áfram 2010

Hinsegin dagar 2011

List án landamæra 2012

Kvennaathvarfið 2013

Geðhjálp 2014

Frú Ragnheiður 2015

Þórunn Ólafsdóttir 2016

Með okkar augum 2017

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi W.O.M.E.N. á Íslandi 2018

Móðurmál Samtök um tvítýngi 2019

Solaris hjálparsamtök fyrir hælisleitendur og flóttafólk á Íslandi 2020

Rótin félag um konur, áföll og vímuegjafa 2021

Pepp Ísland, grasrót fólks í fátækt 2022

Trans Ísland 2023